

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hornafirði, 16. október 2018
nr. erindis 201810032 RJ

Málefni: Umsögn um tillögu til Alþingis um stofnun ráðgjafaskrifstofu innflytjenda 19. mál

Í tillögunni er gert ráð fyrir að koma á fót miðlægri upplýsingastofu þar sem innflytjendur geta sótt allar þær upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur sem auðvelda þeim að koma sér fyrir í nýju samfélagi. Með tillögunni er gert ráð fyrir að ráðgjafarstofa innflytjenda verði samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og þar geti innflytjendur sótt sér upplýsingar þvert á sveitarfélög. ...

Bæjarráð Hornafjarðar vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi þessa tillögu:

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög á Íslandi undanfarin ár og hefur landbyggðin ekki farið varhluta af þeirri fjölgun en á þar búa nú yfir 16.000 einstaklingar með annað ríkisfang en íslenskt. Árið 2015 bjuggu 150 einstaklingar með annað ríkisfang en íslenskt í Sveitarfélaginu Hornafirði, í ár eru þeir orðnir 420 sem þýðir að 18% íbúa eru af erlendum uppruna.

Hin mikla fjölgun í þessum hópi kallar á aukna nærþjónustu sem snýr ekki eingöngu að því að miðla til þeirra upplýsingum um réttindi og skyldur heldur þarf ekki síður að sinna þáttum sem snúa að félagslegri þátttöku, íslenskukennslu, móttökusamtölum, valdeflingu, skólagöngu, vitundarvakningu samfélagsins í fjölmeningarmálum og svo mætti lengi telja. Það er ekki nóg að þessi þjónusta sé til reiðu á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt landið.

Í mati Ríkisendurskoðunar sem tillagan byggir meðal annars á er Fjölmeningarsetur á Ísafirði talið sinna ágætu starfi og Velferðarráðuneytið hvatt til að kanna hvort rétt væri að fjölga starfsstöðvum. Að mati bæjarráðs Hornafjarðar væri vænlegra til árangurs að horfa til þeirrar tillögu og koma síðan á stofn öflugum samstarfsneti fjölmeningarsetra sín á milli og við fulltrúa/ráðgjafa á vegum sveitarfélaga sem sinna málefnum íbúum af erlendum uppruna.

Ríkisendurskoðun hvetur jafnframt Velferðarráðuneytið til að beita sér fyrir aðgerðum sem stuðla að því að innflytjendur verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Í því sambandi er nefnt mikilvægi þess að efla íslenskukennslu og túlkþjónustu, draga úr brottfalli úr námi og ýta undir aukna atvinnuþátttöku innflytjenda. En í tillögunni er gert ráð fyrir þjónustu í gegnum fjarfundabúnað. Þessum þáttum er og verður áfram erfitt að sinna í gegnum fjarþjónustu og undirstrikar mikilvægi fleiri starfsstöðva á landsbyggðinni.

f.h. Bæjarráðs Hornafjarðar
Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri.